

Dómsorð:

Stefnanda, Jóngeiri D. Eyrbekk, er rétt að rifta kaupum þeim, sem hann átti við stefnda í máli þessu, Rafgeislahitun h.f., með samningi, dags. 23. desember 1958.

Stefndi greiði stefnanda kr. 32.371.16 með 6% ársvöxtum frá 6. júní 1959 til greiðsludags og kr. 4.600.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 6. maí 1963.

Nr. 126/1962. **Guðmundur Ingimundarson**

(Kristinn Gunnarsson hrl.)

gegn

Edvald B. Malmquist

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

D ó m e n d u r:

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Ármann Snævarr prófessor.

Mál til heimtu leigugjalds.

Dómur Hæstarétts.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstarétts með stefnu 28. september 1962 og gerir þær réttarkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda í máli þessu og að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstarétts.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað í Hæstarétti.

Sýknukröfu sína reisir áfrýjandi fyrst og fremst á því, að honum sé ranglega stefnt. Honum sé stefnt persónulega í stað þess að stefna hafi átt honum fyrir hönd dánarbús Ingimundar Ingimundarsonar.

Á bæjarþingi Reykjavíkur 7. desember 1960 mætti áfrýj-

andi við aðiljayfirheyrslu. Er þar bókað: „Mætti lýsir því yfir, að hann taki að sér að greiða umstefnda skuld, ef hún er talin rétt af dómstólunum.“

Af þessari ástæðu og að öðru leyti með tilvísun til forsendna hins áfrýjaða dóms um þetta atriði verður framangreind sýknukrafa ekki tekin til greina.

Í öðru lagi byggir áfrýjandi sýknukröfu sína á því, að fyrir liggi gagnkrafa til skuldajafnaðar. Krafa þessi er frá bróður áfrýjanda, Birni Ingimundarsyni, að upphæð kr. 6921.00. Henni hefur verið mótmælt af stefnda. Krafan, sem ekki sést, að hafi verið framseld áfrýjanda, er mjög vanreifuð. Verður henni því ekki sinnt í máli þessu.

Ekki verður séð, að leigukrafa stefnda fyrir dráttarvélina, sem mál þetta er risið af, sé ósanngjörn, sbr. meginreglu 5. gr. laga nr. 39²1922.

Það ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó þannig, að vaxtahæð ákveðst 9% í stað 10% og 7% í stað 8%.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að vaxtahæð ákveðst 9% í stað 10% og 7% í stað 8%.

Áfrýjandi, Guðmundur Ingimundarson, greiði stefnda, Edvald B. Malmquist, kr. 2000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. júlí 1962.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 30. júní s.l., hefur Edvald B. Malmquist, Skúlagötu 66, Reykjavík, höfðað með stefnu, útgefinni 28. júní 1960, gegn Guðmundi Ingimundarsyni, Öldugötu 41, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 7.500.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 31. desember 1958 til 22. febrúar 1960, en 10% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi gerir þær dómkröfur *aðallega*, að málinu verði vísað frá dómi, til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hendi hans samkvæmt mati dómsins, hver sem úrslit málsins verða. Til ítrustu vara krefst stefndi þess, að stefnukrafan verði lækkuð í kr. 4.650.00.

Undir rekstri málsins, í þinghaldi 20. október 1960, hefur stefndi fallið frá frávísunarkröfu sinni.

Málsatvik kveður stefnandi þau, að hann hafi leigt Ingimundi heitnum Ingimundarsyni, Reykjavöllum, Árnessýslu, dráttarvél af Ferguson gerð. Hafi Ingimundur haft hana á leigu frá 25. júlí 1958 til 27. desember sama ár, er hann beið beina við það að aka dráttarvélinni út af veginum nálægt Reykjavöllum í Biskupstungum. Kveður stefnandi leiguna fyrir greint tímabil nema kr. 7.500.00.

Stefnandi kveðst hafa lýst kröfunni í dánarbú Ingimundar með bréfi, dags. 11. júní 1959. Við skipti á dánarbúinu hafi bróðir Ingimundar, stefndi Guðmundur, tekið að sér að greiða kröfu þessa.

Kröfu sína um sýknu reisir stefndi á því, að stefnukrafan sé efnislega röng. Þeir Ingimundur heitinn og Björn bróðir hans, sem nú býr á jörðinni Reykjavöllum, hafi rekið saman félagsbúskap þar, meðan Ingimundur lifði. Á þeim tíma hafi stefnandi rekið einhvers konar búskap þar eystra og þá oft leitað til þeirra bræðra um ýmsa vinnu. M. a. hafi hann oft þurft að láta gera við tæki sín, bæði dráttarvél og bíl og fleira. Hafi Björn *aðallega* unnið að þessum viðgerðum. Eitt sinn hafi þeir bræður, Björn og Ingimundur t. d. selt stefnanda dýnamó í bíl fyrir kr. 1000.00. Kveður stefndi Björn hafa haldið saman þeirri vinnu, sem hann hafi látið stefnanda í té, en stefnandi virðist ekki ætla að taka neitt tillit til þessarar vinnu. Muni hún þó nema um eða yfir kr. 5.000.00. Stefndi segir, að þeir bræður, Björn og Ingimundur, hafi haft eftirlit með umræddri dráttarvél. Vélin hafa verið á heimilinu umræddan tíma, en hún hafi ekki verið hreyfð dögum saman, og hafi verið gert ráð fyrir greiðslu fyrir afnot hennar, þá ná krafa stefnanda ekki neinni átt og sé bæði óviðeigandi og ósæmlegt af stefnanda að koma með slíka kröfu á hendur dánnum manni. Kveður stefndi, að ef stefnandi hefði einhverja sanngirni til að bera, ætti hann að stilla kröfu sinni í hóf. Ef t. d. væri miðað við kr. 30.00 á dag, næmi krafan kr. 4.650.00. Krefst stefndi því þess til ítrustu vara, að miðað verði við þetta.

Í aðiljaskýrslu, sem stefnandi hefur staðfest fyrir dómi, skýrir hann svo frá, að notkun umræddrar dráttarvélar hafi verið mjög mikil og meðferð öll vægast sagt útheimt mikið slit, sem endað hafi með stórtjóni á vélinni við hið sviplega slys, er varð, þegar leigutaki, Ingimundur Ingimundarson, Reykjavöllum, lézt við akstur hennar á milli bæja, Fellskots og Fells 28. desember 1958. Segir stefnandi, að þrátt fyrir að dráttarvélin hafi verið í kaskótryggingu, auk þess sem hann hafi gætt þess að greiða af henni aðrar skyldutryggingar á umgreindum lánstíma, þá hafi viðgerðarkostnaður vélarinnar á Bifreiðaverkstæði K. Á. á Selfossi með öðrum kostnaði í þessu sambandi orðið nær kr. 18.000.00 og ekki nema nokkur hluti þess fengizt greiddur af tryggingarfélagi því, sem vélín var tryggð hjá.

Varðandi þau atriði, að bróðir leigutaka, Björn Ingimundarson, hafi verið búinn að greiða stefnanda fyrir umgreinda leigu, tekur stefnandi fram, að það sé alrangt, enda hafi hann gert það fyrir Ingimund að lána vélina áfram. Stefnandi kveðst fyrr um vorið hafa haft dráttarvélinu í jarðvinnslu og þá lánað Reykjavallabúinu hana í nokkra daga endurgjaldslaust eða í stað þess, sem Björn Ingimundarson hafði dittað að henni, áður en vorvinna hófst. Ennfremur kveðst stefnandi hafa lánað Birni Ingimundarsyni bifreiðina R 7730 endurgjaldslaust í nokkur skipti, meðal annars tvo daga til Reykjavíkur, 24. til 26. júní 1958, og kveðst ekki hafa vitað annað en bæði þetta og önnur viðskipti þeirra Björns væru að fullu uppgerð.

Stefnandi greinir svo frá, að þegar Ingimundur Ingimundarson hafi fyrst ætlað að fá vélina 1—2 daga, en síðan beðið sig að framlengja lánstímamann eftir því sem hann hefði ástæður til, hafi hann sagzt myndu reyna það, en sanngjarna leigu myndi hann taka fyrir vélina. Stefnandi kveðst árið áður og oftara hafa haft umrædda dráttarvél í leigu hjá Landssíma Íslands o. fl. aðiljum og þá hafa haft í leigu fyri hana um kr. 60.00 á klukkustund án ökumanns. Einnig það sumar, sem Ingimundur hafði vélina samkvæmt framanrituðu, kveðst stefnandi hafa getað fengið mikla vinnu fyrir vélina, en ekkert í því gert, þar sem Ingimundur Ingimundarson óskaði eindregið að hafa vélina áfram, ef stefnandi sæi sér fært að lána hana. Kveður stefnandi Ingimund hafa sagt: „Við komum okkur saman um leiguna.“

Svo sem áður er komið fram, telur stefnandi, að stefndi Guðmundur Ingimundarson, hafi á skiptafundi í dánarbúi Ingimundar Ingimundarsonar tekið að sér að greiða hina umstefndu skuld.

Af hálfu stefnda er þessu mótmælt, en hins vegar viðurkennt, að hann muni hafa samþykkt að taka á móti stefnu fyrir hönd dánarbúsins, en orðalag uppskriftargerðarinnar er þannig: að Guðmundur Ingimundarson hafi tekið á sig „alla ábyrgð gagnvart nefndri kröfu“, er aðrir erfingjar búsins höfðu neitað henni.

Ekki verður talið, að máli skipti hér, hvor skilningurinn er frekar lagður í orð uppskriftargerðinnar um þetta, því að samkvæmt 52. gr. skiptalaga nr. 3 frá 12. apríl 1878 segir svo: „Eftir að skiptum er lokið, ábyrgjast erfingjar einn sem allir og allir sem einn skuldir þær, sem lýst hefur verið og búið krafist um, áður en skipti fóru fram.“ Stefndi Guðmundur hefur lýst því yfir fyrir dómi 7. desember 1960, að búinu hafi verið skipt einkaskiptum og að hann telji, að skiptunum sé þá lokið. Má af þessu ljóst vera, að réttilega er stefnt í málinu, enda umræddri kröfu lýst í tæka tíð.

Ekki er ágreiningur með málsaðiljum um lengd tímans, sem Ingimundur Ingimundarson hafði afnot dráttarvélar stefnanda. Þá hefur því ekki verið mótmælt af hálfu stefnda, að ætlaust hafi verið til, að leiga yrði greidd fyrir vélina umræddan tíma, enda þótt ekki væri um hana samið fyrirfram. Hins vegar hefur stefndi mótmælt hinni uppsettu leigu, kr. 7.500.00, sem allt of hárrí og ósanngjarnri, en þar sem leigutíminn var rétt um 5 mánuðir, mun láta nærri að leigan sé um kr. 50.00, er miðað er við hvern dag.

Með hliðsjón af vottorði Lúðvíks Nordgulen, yfirverkstjóra hjá Landssíma Íslands, á dómskj. nr. 13, sbr. 1. mgr. 158. gr. laga nr. 85, 1936, svo og með tilliti til þess, að hér er um að ræða leigu fyrir dýrt tæki, sem jafnan reynir mikið á í notkun og hlýtur því að slitna að sama skapi meira en ýmis önnur tæki, sem minna reynir á, verður leigukrafa stefnanda eftir atvikum ekki talin ósanngjörn og þykir því mega taka hana til greina.

Að því er varðar kröfu Björns Ingimundarsonar, sem fléttað hefur verið inn í mál þetta, skal tekið fram, að þar sem umrædd kröfugerð er öll mjög óljós og ekki hefur verið gagnstefnt til skuldajafnaðar á henni, kemur hún ekki til álita í máli þessu.

Samkvæmt framanrituðu verða því úrslit málsins þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda hina umstefndu skuld kr. 7.500.00 með vöxtum, eins og krafist er, að öðru leyti en því að reikna ber aðeins 8% ársvexti frá 29. desember 1960 til greiðsludags.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða

stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.700.00.

Valgarður Kristjánsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan. Mikið annríki við önnur störf við borgardómara-embættið hefur valdið nokkrum drætti á uppsögu dómsins.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Ingimundarson, greiði stefnanda, Edvald B. Malmquist, kr. 7.500.00, með 6% ársvöxtum frá 31. desember 1958 til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960, en 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 1.700.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 6. maí 1963.

Nr. 35/1963. **Ingi Úlfars Magnússon og Jóhanna Stefánsdóttir** (Haukur Jónsson hrl.)
gegn
Þvottahúsinu Ægi h/f og Georg Þorkelssyni
(enginn).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramenn Árne Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Ármann Snævarr prófessor.

Dómi og fjárnámsgerðum áfrýjað til staðfestingar.

Dómur Hæstaréttar.

Viggó Tryggvason, fulltrúi borgarfégeta, hefur framkvæmt hinar áfrýjuðu fjárnámsgerðir.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. marz þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s. m. Krefjast þau þess, að hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerðir verði staðfest og stefndu dæmt að greiða málskostnað í Hæstarétti.

Stefndu hafa eigi sótt dómping í Hæstrétti, og er þeim þó löglega stefnt. Málið hefur verið flutt skriflega fyrir